

Íslandsbanki hf.: Útboð á sértryggðum skuldabréfum 12. maí

Íslandsbanki hf. verður með útboð á sértryggðum skuldabréfum föstudaginn 12. maí 2023.

Boðnir verða út flokkarnir ISB CBF 27, ISB CB 27 og ISB CBI 29.

ISB CBF 27 og ISB CB 27 verða boðnir út með hollensku fyrirkomulagi en ISB CBI 29 verður boðinn á fastri ávöxtunarkröfu 2,60%.

Í tengslum við útboðið fer fram skiptiútboð þar sem eigendur flokksins ISB CB 23 eiga þess kost að selja bréf í flokknum gegn kaupum á skuldabréfum í ofangreindu útboði. Verð á ISB CB 23 er fyrirfram ákveðið og er hreint verð 99,7905 (7,0% ávöxtunarkrafa).

Bankinn áskilur sér rétt til að samþykka eða hafna tilboðum að hluta til eða að öllu leyti. Við úthlutun áskilur bankinn sér einnig rétt til að láta þá sem taka þátt í skiptiútboði á ISB CB 23 njóta forgangs.

Áætlaður uppgjörsdagur viðskipta er 19. maí 2023.

Verðbréfamíðlun Íslandsbanka hefur umsjón með útboðinu. Tilboðum skal skilað á tölvupóstfangið vbm@isb.is fyrir kl. 16:00 þann 12. maí 2023.

Tengiliðir

Fjárfestatengsl - ir@islandsbanki.is

Um Íslandsbanka

Íslandsbanki er alhliða banki sem leggur áherslu á að koma til móts við þarfir viðskiptavina sinna og á sér langa sögu sem nær aftur til ársins 1875. Bankinn leggur áherslu á traustan rekstur og að hafa jákvæð áhrif í samfélaginu en hlutverk bankans er að vera hreyfiafl til góðra verka svo viðskiptavinir okkar nái árangri. Með framtíðarsýn um að skapa virði til framtíðar með því að veita framúrskarandi þjónustu, vinna þrjár viðskiptaæiningar þétt saman til þess að viðhalda góðum viðskiptasamböndum. Markaðshlutdeild bankans er sterk og rekur bankinn skilvirkasta útibúanetið á landinu og styður um leið við viðskiptavinina sína á stafrænni vegferð þeirra. Umhverfið sem bankinn starfar í er eftirsóknarvert og er Íslandsbanki vel í stakk búinn að takast á við tækifærin framundan með öflugar tæknilegar stoðir og sterkan efnahagsreikning. Íslandsbanki er með láns hæfismatið BBB/A-2 frá S&P Global Ratings. Hlutabréf bankans eru skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Útboð á sértryggðum skuldabréfum 12. maí](#)